

Ná.

## 147. Nefndarátt

nm frv. til laga um eyðing refa og refarækt.

### Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með frv. þessu með nokkrum breytingum, og eru sumar þeirra aðeins orðabreytingar eða gerðar til skýringar.

Nefndin litur svo á, að þar sem vissa þykir vera fyrir, að ekkert gren sé til, sé ekki ástæða til að fyrirskipa grenjaleitir.

Þar, sem fleiri hreppar eiga upprekstrarland saman, virðist sjálfsagt, að þeir hafi sameiginlega framkvæmd þessara mála.

Rétt virðist að óheimila öðrum en þeim, sem til þess eru ráðgir, að vinna gren eða taka yrðlinga. Þó verður að gera undantekningu frá þessu þegar svo stendur á, að ekki næst í hinn ráðna skotmann í tæka tíð.

Ekki virðist rétt að skylda ferðamann, sem ef til vill er í brýnum erindum, að snúa aftur á gren, þó finni af tilviljun.

Nefndinni þykir rétt, að sett séu skýr ákvæði um það, að hlutaðeigandi sveitarfélag eigi alla þá yrðlinga, sem vinnast á greni eða á annan hátt. Auðvitað getur hreppsnefnd engu að síður samið svo um við skotmann, að hann fái yrðlinga upp í kaup sitt. Náist yrðlingar í heimalandi, þykir rétt að tryggja ábúanda þeirrar jarðar, þó ekki sé landeigandi, nokkrum hagnað af því.

Meiri hluti nefndarinnar telur réttara, að um borgun til skotmanns fari eftir samningi milli hans og hreppsnefndar. Einu nefndarmanna (BST) hefir þó óbundið atkvæði um þetta atriði. Viðmið annar en hinn ráðni skotmaður gren, vegna þess að ekki náðist í skotmann, er sjálfsagt, að hann fái borgun fyrir, og er þá rétt, að hún sé miðin við það, sem skotmaður hefði fengið.

Kostnaður við eyðing refa verður að sjálfsgöð að greiðast úr hlutaðeigandi sveitar- eða sveitasjóðum, sem og aftur á móti fá tekjurnar, ef nokkrar eru. Er rétt, að glögg reikningsskil séu gerð um tekjur og gjöld, er af þessu leiða.

Vegna ólíkra staðhátta virðist ekki heppilegt að fastbinda það, að sömu reglugerðarákvæði gildi um land allt í þessu efni. Er því lagt til, að hver sýslunefnd geti með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara innan sýslunnar.

Þó eftirlit sé haft með refagirðingum af hendi hins opiðbera, virðist sjálfsagt, að eigandi beri ábyrgð á því, að reifirnir sleppi ekki. Er svo mikið í húfi, ef út af þer í þessu, að sjálfsagt er að ákveða allháa sekt fyrir hvert dýr, sem sleppur að fullu úr vörðun.

Yrðlingar eru í munn hærra verði að haustinu heldur en nýteknir að vorinn, og munna það meira en kostnaði af eldi þeirra og geymslu yfir sumarið. Er því lagt til að banna útflutning þeirra fyrr en að haustinu.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfylgjandi

## BREYTINGUM.

- I. Við 1. gr. Greinin orðist svo:  
Skylt er sýslunefndum að sjá um, að hreppsnefndir hafi umsjón og eftirlit með eyðing refa, eins og lög þessi mæla fyrir.
- II. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
Sérhver hreppsnefnd skal á hverjn vori annast um grenjaleitir og grenjavinnslu í heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort heldur sem lönd þessi liggja innan eða utan sýslufélagsins.  
Nú eiga fleiri hreppar afrétt saman, og skal þá upprekstrarfélagið, þegar svo stendur á, velja einn eða fleiri menn, er annist þessar framkvæmdir.  
Heimilt er sýslunefndum að veita þeim hreppum nndanþágn frá grenjaleitum, er fullvist þykir, að ekkert gren sé til í heima- eða afréttarlöndum, enda hafi þar ekki fundizt gren i tug ára.
- III. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
  - a. Hreppsnefnd eða þeir, er npprekstrarfélag velnr, sknlr ráða einn eða fleiri skotmenn til grenjavinnslu í þeim löndum, er þeim ber að annast nm samkv. 2. gr. Skal hann (þeir) reiðubúinn til grenjavinnslu hvenær sem gren finnst, ásamt með vökumanni, er hreppsnefnd eða trúnaðarmaður upprekstrarfélags ræðnr og skotmaðnr teknr gildan.
  - b. Óheimilt er öðrn en þeim, er til þess ern ráðnr af hreppsnefnd eða trúnaðarmanni upprekstrarfélags, að vinna gren eða taka yrðlinga, nema atvik liggj svo til, að ekki hafi náðst í skotmann i tæka tíð.
- IV. Við 3. gr. Á eftir 2. málslíð komi:  
Þó er ferðamanni ekki skylt að fara aftur á gren, þó finni.
- V. Við 4. gr. Greinin orðist svo:  
Allir yrðlingar, sem teknir ern á greni eða annarsstaðar á viðavangi, ern eign þess sveitarfélags eða upprekstrarfélags, er annast nm grenjavinnslu á því svæði samkv. 2. gr.  
Nú ern yrðlingar teknir i heimalandi einstakra manna, og skal þá landeigandi og ábúandi fá samanlagt hálfan ágóða af sölu þeirra yrðlinga, er skiptist jafnt á milli þeirra.
- VI. Við 5. gr. Greinin orðist svo:  
Borgun til skotmanns og vöknmanns fer eftir því, sem nm semst við hreppsnefnd eða trúnaðarmann upprekstrarfélags.  
Nú er gren nnnið að einhverjn eða ölln leyti á þann hátt, er segir í niðurlagi 4. greinar, og skal þá sá, er dýrnnum náði, fá borgun, sem ekki má vera nndir helmingi þess, sem hinn ráðni skotmaður hefði fengið, og aldrei meiri en hann hefði haft.
- VII. Við 6. gr. Greinin orðist svo:  
Kostnað við eyðing refa i heimalöndum og afréttum skal greiða úr sveitarsjóði, eða sveitarsjóðum, ef fleiri hreppar eiga afrétt saman.  
Verði ágóði af grenjavinnslu, skal hann, að svo miklu leyti sem

það kemur ekki í bágá við ákvæði 6. greinar, renna í sveitarsjóð eða sveitarsjóði, eftir sömu hlutföllum og greiðsla kostnaðar.

VIII. Á eftir þessari grein komi ný grein, svo hljóðandi:

Hreppnefndir eða þeir, er upprekstrarfélög hafa valið samkvæmt 2. gr., skulu fyrir gangnaniðurjöfnunarfund ár hvert, eða fjallskilafund þar, sem fleiri hreppar eiga afrétt saman, leggja fram sundurliðaðan reikning yfir tekjur og kostnað við refaeyðing í afréttar- eða heimalöndum þeirra.

IX. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Sýslnefndin er heimilt að setja með reglugerð, er atvinnmálaráðuneytið staðfestir, nánari reglur um framkvæmd laga þessara innan sýslunnar, svo sem um grenjaleitir, grenjavinnslu og kaupgreiðslu til skotmanna o. fl.

X. Á eftir »II. kafli. Um refarækt« komi ný grein, svo hljóðandi:

Hver sá, er ætlar að setja á stofn refaræktarþú eða stunda refaelði, þarf til þess leyfi sýslnefndar, og fylgi umsókn hans vottorð um, að hann hafi þá þekkingu, er til þess þarf, og veitir þá sýslnefnd leyfið. Það telst refaræktarþú, þar sem refir eru aldri árlangt, hvort sem færri eru eða fleiri.

XI. Við 10. gr. Greinin orðist þannig:

Öll refaræktarþú skulu háð dýralækniseftirliti; sama gildir um annað refaelði.

XII. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Bannað er að geyma reifi öðrnvísir en í fulltryggnu girðingum eða annari örnggri vörzlu. Nú sleppur refur úr vörzlu og næst ekki. Skal þá eigandi sæta að minnsta kosti 200 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem sleppur.

XIII. Við 11. gr. Greinin orðist þannig:

Atvinnmálaráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um öryggi refagirðinga, geymslu og flutningu refa. Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu hafa sérstakt eftirlit með því, að geymsla refa sé svo örngg sem reglugerð ákveður.

XIV. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Eigi má flytja út reifi lifandi, nema þeir séu fallegir og vel aldri og fylgi dýralæknisvottorð hverri útflutningssendingu um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og hvort yrðlingar séu eða eldri dýr.

Þessi vottorð skulu staðfest af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

Eigi má flytja út yrðlinga fyrir 20. sept.

XV. Við 13. gr. Greinin falli niður.

XVI. Við 16. gr. Greinin orðist þannig:

Með lögnum þessum eru úr gildi fallnar reglugerðir þær um grenjavinnslu og refarækt, er sýslnefndir hinna einstöku héraða hafa sett, að því leyti er þær koma í bágá við lög þessi eða reglugerð, er atvinnmálaráðuneytið setur um refagirðingar.

Svo eru úr gildi númin lög nr. 48, 28. nóv. 1919, að því er snertir  
eyðing refa, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.  
XVII. Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 19. febrúar 1930.

Lárus Helgason,	Jón Signrðsson,	Bernh. Stefánsson,
form.	fundaskrifari.	frsm.

Þorleifur Jónsson. Einar Jónsson.